

Jón Kristjánsson
Veiðimálastofnunin.

Rannsóknarferð í Húnavatnssýslur í ágúst 1977.

Dagana 22.-29. ágúst var dvalið í Húnavatnssýslum og rannsak-
aður silungur og veiði á nokkrum stöðum. Tilraunanet voru lögð
í Vesturhópsvatn, Miðhóp, Húnavatn og Sigríðarstaðavatn. Einnig
var veitt á stöng: bleikjur í Víðidalsá og laxaseiði í Faxalæk.

Aðferðir.

Lögð voru tilraunanet með mismunandi möskvastærðum en afli
úr slíkri netasamstæðu gefur hugmynd um raunverulega samsetningu
þess hluta fiskstofnsins sem er á bilinu 20-50 cm að lengd.
Allur afli var mældur og veginn og aldurssýni tekin úr hluta hans.
Aldurinn var lesinn af kvörnum bleikjunnar, en bæði kvörnum og
hreistri hjá urriða og laxi. Einnig var reiknaður út vöxtur
af hreistrinu skv. Lea-Dahls aðferð. Tekin voru sýni af magainni-
haldi og þau yfirleitt greind á staðnum.

Niðurstöður.

Vesturhópsvatn.

Lögð voru sex net í vatnið suðaustanvert á svæðið frá Rið-
steini að Sandnesi. Lágu netin á um 2-4 m dýpi. Afli eftir eina
nótt varð sem hér segir:

Möskvastærð mm á legg.	Fjöldi lagna	Afli		Samtals
		Bleikja	Urriði	
45	1	3	3	6
40	1	1	3	4
35	1	0	6	6
29	1	8	5	12
26	1	12	4	16
21	1	17	3	20
	6	41	24	65

Auk þess var lagt eitt flotnet, úti á miðju vatni (24mm möskvi) en slíkt net veiðir frá 0-4 m dýpis. Í það komu 18 bleikjur og 19 urriðar. Skipting aflans í 3 cm lengdarflokka sést í töflu 1.

A. Bleikja.

Langmest af bleikjunni var undir 31,4 cm, sú stærsta var 35 cm að lengd og um 360 g. að þyngd. 25 bleikjur voru aldursgreindar og sjást niðurstöður í töflu 2.

Tafla 2. Aldursgreining á bleikju úr Vesturhópsvatni 24/8 77.

Aldur í vetrum	Árgangur	Fjöldi	Meðallengd
3+	1974	1	22,5
4+	1973	2	27,0
5+	1972	8	27,1
6+	1971	6	28,3
7+	1970	4	27,6
8+	1969	1	30,5
9+	1968	1	26,0
10+	1967	1	30,0
11+	1966	1	29,0
	Samt.	25	

Á mynd 1 hefur aldurinn miðaður við lengd, verið færður inn og sést þar vel lengdardreifingin innan hvers árgangs. Einnig er sýnt hvaða fiskar höfðu étið svif og hverjir botndýr (sem aðallega voru kuðungar). Það vekur athygli hve stórar svifeturnar eru, eða 28-30 cm. Bleikja sem elur allan aldur sinn á svifi er nefnd murta, og skv. því er murta í Vesturhópsvatni (hafi þessir fiskar alla æfi étið svif). Murtan vex hratt fyrstu 4-5 árin, síðan hægist vöxturinn mjög og staðnar síðan að mestu (mynd 1). Botndýraætur eru of fáar til þess að góður samanburður fáiast, en svo virðist sem þær geti orðið stærri en murtan og þær virðast almennt feitari (cm 15%).

B. Urriði.

Alls veiddust 43 urriðar 21-46 cm að lengd. 29 þeirra voru aldursgreindir og sjást niðurstöður í töflu 3. Vöxturinn hefur verið settur upp í línurit sem sýnt er á mynd 2.

Tafla 3. Útreiknaður meðalvöxtur á urriða úr Vesturhópsvatni 1977.

Aldur í vetrum	Ágr.	Fjöldi	\bar{L}	\bar{l}_1	\bar{l}_2	\bar{l}_3	\bar{l}_4	\bar{l}_5	\bar{l}_6	\bar{l}_7	\bar{l}_8
4+	73	1	23,5	3,7	8,5	12,7	19,1				
5+	72	11	27,7	3,4	7,9	13,6	17,3	23,5			
6+	71	9	32,6	3,6	7,7	11,4	17,5	23,9	29,9		
7+	70	7	37,7	2,6	6,9	11,3	15,9	21,3	27,4	33,9	
8+	69	1	46,0	2,9	9,4	13,4	20,2	26,9	37,0	43,4	45,5
Meðaltal		29		3,3	7,6	12,6	17,2	23,3	29,3	35,1	45,5

\bar{L} = meðallengd.

\bar{l}_1, \bar{l}_2 o.s.frv. = meðallengd við 1.2. o.s.frv. vetur.

Vöxtur urriðans er nokkuð góður, eða tæpir 5 cm á ári fyrstu 6 árin og vöxturinn helst jafn upp í a.m.k. 40 cm, sem þykir gott víðast hvar. Sjá má að eini 8 vetra fiskurinn sem veiddist hægir mjög vöxt eftir að hann er orðinn 43 cm langur (700 g að þyngd). Urriðinn verður sennilega seint kynþroska. Af 17 fiskum sem kynþroski var athugaður hjá var 1 4 ára fiskur, 9 fimm ára, 5 sex ára og 2 sjö ára, enginn þessara fiska var orðinn kynþroska þá, eða ætlaði sér að hrygna þetta haust. Þetta er eðlilegt og því starri sem geldfiskurinn verður því betri er hann til átu.

Veiðiaðferðir-ráðleggingar.

Að fengnum þessum niðurstöðum þykir rétt að flokka Vesturhópsvatn sem þéttsetið silungsvatn. Hæfileg veiði yrði til þess að bæta fiskinn til átu og á þetta sérstaklega við um bleikjuna, sem verður nú almennt ekki starri en ca 28 cm og er frekar horuð. Ef nefna ætti tölur í þessu sambandi mætti ætla að hæfilegur urriðaafli væri 2-5 tonn á ári (2-5 kg/ha). Af bleikju má líklega veiða meira og ætti að stefna að því að veiða a.m.k. 5 tonn af henni árlega (5 kg/ha). Heppileg möskvastærð fyrir urriða er 16 omfar á alin (40 mm á legg). Slík net eru of stórriðin fyrir bleikjuna sem veiðist best í 24 og 22 omfar/alin (26-29 mm á legg). Best væri að veiða bleikjuna á riðstöðvunum á haustin (annars er hætta á að of mikið veiddist af ungum urriða) og kæmi þá einnig til greina að nota til þess ádráttarnót. Mikilvægt er að halda

góðar veiðiskýrslur, ef farið verður að veiða að ráði, því þær eru undirstaðan í að geta skipulagt réttar veiðiaðferðir og góða nýtingu fiskstofnanna. Veiðimálastofnunin mun senda þar til gerð skýrslueyðublöð verði þess óskað.

Húnavatn.

26. ágúst voru lögð þrjú net í vatnið vestanvert gegnt Akri. Eitt netanna var smáriðið, annað af millistærð og það þriðja stórriðið. Vaðið var út með netin og vitjað um þau morguninn eftir. Afli varð 25 bleikjur og einn urriði. Skoðað var í maga á 8 bleikjum og reyndust þeir úttroðnir af marfló. Urriðinn hafði einnig étið marfló. Lengdardreifing aflans er sýnd í töflu 1. Aldursgreining sýndi að flestir fiskanna, eða 15, voru þriggja vetra og að meðaltali um 32 cm að lengd og 300 g að þyngd. Þrjár bleikjur voru 4 vetra (meðallengd 39,5 cm) og þrjár 5 vetra (40,3). Eldri fiskar fundust ekki og tveir gátu verið yngri en þriggja vetra án þess að hægt væri að slá því föstu. Ef þessar aldursgreiningar eru réttar þá er vöxtur bleikju í vatninu óvenju góður. Ekki er vitað hvort hér sé um göngufisk að ræða, eða hvort mikið sé af silungi í vatninu o.s.frv. Til þess þarf frekari rannsóknir.

Miðhóp.

25. ágúst voru lögð 8 net ca 20 m frá landi við Leysingjastaði. Netin lágu á um 4 m dýpi og var vitjað um þau daginn eftir. afli varð sem hér segir:

Fjöldi lagna	Möskvastærð omf/alin	mm. legg	Fjöldi fiska		Samtals
			bleikja	urriði	
2	14	45	1	1	2
1	16	40	4		4
1	18	35	6		6
1	22	29	9		9
1	24	26	8		8
1	30	21	14	2	16
1	32	19,5	9	1	11
8 lagnir			51	4	56

Laxinn sem veiddist var 12 cm seiði 3 vetra gamalt, ekki komið í sjógöngubúning. Lengdardreifing aflans sést í töflu 1.

Þann 26. ágúst voru lögð 7 net í trossu úti á miðju vatninu þar sem dýpi var um 8 m. Daginn eftir gerði vonskuveður, og netin náðust ekki. Voru þau slædd upp á þriðja degi og var talsvert í þeim af fiski sem ekki var mældur eða veginn, nema örfáir fiskar. Mest af þeim afla var frystur og hann sendur að Keldum til sníkju-dýrarannsóknna. Niðurstöður úr þeim liggja enn ekki fyrir. Aflinn úti á vatni var af svipaðri samsetningu og sá sem fékkst upp við land, nema meira virtist af stórum fiski, og fleiri virtust þeir hafa lifað á hronsílum. (Vatnabobbi var algengasta fæðutegund inn við land).

A. Bleikja.

51 bleikja sem veiddist fyrri daginn var mæld og vegin, og aldurssýni voru tekin úr 25 þeirra, svo og magasýni. Meðallengd aldursflokka er sýnd í töflu 4 og á mynd 4 hefur lengd hvers fisks miðað við aldur verið sett inn.

Tafla 4. Meðallengdir ýmissa aldursflokka á bleikju úr Mið-Hópi 26/8 77.

Aldur í vetrum	Árgangur	Fjöldi	Meðallengd cm.
4+	73	5	29,2
5+	72	9	34,7
6+	71	5	39,7
7+	70	5	41,1
8+	69	1	42,5

Vöxtur bleikjunnar er góður, um 6 cm að meðaltali 6 fyrstu árin. Athyglisvert er, að ekki skyldu finnast eldri fiskar en 8 vetra, því veiði mun lítið stunduð í vatninu og ættu fiskar þess vegna að geta orðið eldri. Sennileg skýring er, að ekki hafi verið skoðaðir nógu margir fiskar, og verður þetta nánar athugað síðar. Fæðan hjá bleikjunni var yfirgnæfandi vatnabobbi, en hann var ríkjandi fæða í maga 18 af 25 bleikjum, sem skoðaðar voru. 2 höfðu étið rykmý og vorflugur, tvær hornsíli og 3 voru með tóman maga. Allt bendir til þess að megnið af bleikjunni sem veiddist sé staðbundin og gangi ekki í sjó. Lítil vafi er

þó á því, að talsvert sé af sjógöngubleikju í vatninu og þarf það mál frekari rannsókna við.

B. Urriði.

Lítið virðist af urriða í vatninu, því ekki veiddust nema 4, 18-25 cm langir. Vöxtur þeirra er eðlilegur, sbr. mynd 5.

Veiði.

Veiði er lítið stunduð í vatninu, enda miklar hömlur lagðar á hana vegna laxins sem gengur um vatnið. Eingöngu mun heimilt að leggja landföst net, og ekki nema 2 frá hverri jörð. Ekki má leggja um helgar. Þegar þess er gætt að sennilega væri hægt að veiða árlega um 15 tonn (5kg/ha) af bleikju í Hópinu er mjög slæmt að silungsveiðin skuli vera háð svona miklum takmörkunum. Ég tel, að væri silungsveiðin stunduð á réttan hátt, myndi hún ekki hafa nein áhrif á laxveiðina (þ.e.a.s. lax ætti ekki að veiðast í silunganet ef rétt væri að staðið). Vitað er, að á flestum stöðum þar sem lax gengur í gegn um stöðuvatn, þá fer hann með landi og upp við yfirborð, 1,25m djúp silunganet sem lögð eru á botninum á 8 m dýpi fjarri ströndinni ættu því alls ekki að veiða hann. Sjálfsagt er að gera tilraunir sem fyllilega ganga úr skuggu um þetta atriði. Þess má geta að aflaverðmæti 15 tonna af silungi upp úr sjó var 1977 6,7 milljónir króna (450 kr. pr. kg.), svo að um er að ræða verulega fjárhæð, sem silungsveiðin gæit gefið af sér.

Víðidalsá.

Ekki voru veiddar nema 5 bleikjur í Víðidalsá og því lítið um þessa bleikju hægt að segja á þessu stigi. Ljóst er þó, að mest af henni gengur í ána að hausti bæði til hrygningar og sennilega einnig geldfiskur til vetursetu. Álitnið er, að mest sé þetta sjógöngubleikja, en líklega er einnig innanum fiskur úr Hópinu, sem gengur þarna til hrygningar. Aldursgreining var gerð á bleikjunum, sem veiddust og sést hún á mynd 4. Tvær þeirra hafa mun betri vöxt en fannst hjá bleikju í Hópi, en þrjár hafa

svipaðan vöxt og Hópsbleikjan. Einnig er athyglisvert, að í sumum bleikjum úr Víðidalsá finnast sníkjudýr í miklu magni, sem erueinkennandi fyrir stöðuvötn. Hér er því þörf á frekari rannsókn á þessum fiski og meiningin er að halda því áfram í sumar.

Faxalækur.

Efst í Faxalæk varð vart við mikið magn af laxaseiðum. Nokkur voru veidd á stöng og var hér um að ræða gönguseiði, um helmingur þeirra í sjógöngubúningi. Voru þau allt upp í 21 cm að lengd. Ætlunin var að veiða seiði til merkinga, en það mistókst vegna mikils vatnsveðurs sem skall á. Ekki skal hér leitt neinum getum að því hvaðan þessi seiði voru eða hvernig á þeim stöð.

Sigríðarstaðavatn.

Net voru lögð í Sigríðarstaðavatn, en þrátt fyrir margar tilraunir tókst ekki að ná heillegum fiski til rannsókna. Ástæðan var sú, að marflóin át fiskinn jafnharðan og hann kom í netin. Fiskurinn (bleikja) virtist drepast strax og hann festist í netunum, og þá réðist marflóin á hann, bæði utanfrá og innanfrá, sú sem hann hafði í maganum. Netin fylltust einnig strax af slýi og hættu fljótt að veiða. Bar og heimamönnum saman um, að ekki væri hægt að stunda veiði í vatninu. Sigríðarstaðavatn er ekki stöðuvatn, heldur fullsalt ósasvæði, og silungurinn sem þar er, er klakinn út í lækjum, sem í það renna.

Mynd 1.


24/8 77.

Bleikja Vesturhópsvatni
Aldur / lengd.

- x með bóndyr í mæsu.
- súlf í mæsu eða magi Einna

A Lengd sm

40
30
20
10



ALDUR í VETRUM

VESTURHÖPSVATN 24/8 77

VAXTARLINURIT FYRIR URRIDA.

ALDUR I VETRUM, FJÖLDI FLEKA I SVIQA

50

LENGD, sm.

8+(1)

40

7+(7)

6+(9)

30

5+(11)

4+(1)

20

10

MYND 2.

MYND. 3

HUNAVATN 27/8 77

ALDUR, LENGD á BLEIKJU
(FJÖLDI FISKI í SVIGA)

90

lengd sm.

40

x (3) x (3)

30

x (15)

MEÐALFRÁVIK

20


10

ALDUR í VETRUM

1 2 3 4 5 6

lensd sm.

50
40
30
20
10



MYND 4

• - - - BLEIKJA MIDHÖP 26/877
○ - - - BLEIKJA VIÐDALSIÁ 26/877

Aldur í Vetrinum

Mynd 5.

MÍÐHÖP OG HUNAVATN 26-27/877

VAXTARLINURIT FYRIR LAX OG URRIDA
Aldur, Fjöldi Fiska í Sviga.

